Aðalfundur Almannaheilla

24. maí 2017 í húsnæði Krabbameinsfélags Íslands Skógarhlíð 8, Reykjavík.

FUNDARGERÐ

Formaður Ketill Berg Magnússon setti fundinn kl. 16:00 og lagði til að Þóra Þórarinsdóttir yrði fundarstjóri og Þröstur Emilsson fundarritari, sem var samþykkt. Fundarstjóri gekk til dagskrár samkvæmt lögum félagsins:

DAGSKRÁ

1. **KOSNING FUNDARSTJÓRA OG FUNDARRITARA**
   Lauk með þeim hætti sem þegar hefur komið fram.

2. **ÁVARP: Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir** ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.
   „Kæru aðstandendur Almannaheilla og allra þeirra fjölmörgu félaga sem eiga aðild að samtökunum.
   Takk fyrir að bjóða mér að vera með ykkur hér í dag. Þegar ég skoða listann yfir aðildarfélögin að samtökunum er ekki laust við að ég fyllist auðmýkt; auðmýkt gagnvart því ómetanlega og göfuga starfi sem þið sinnið fyrir land og þjóð.
   Frjáls félagasamtök gegna stóru hlutverki í samfélaginu og það er ákaflega mikilvægt að hlúa vel að þessum sterka og ómissandi þræði í samfélagsgerðinni.
   Ríkið getur gert margt ágætlega, en grasrótin verður að fá að dafna; hún er nær málefnunum og því fólki sem um ræðir; þar er þekkingin og þar er brennandi áhuginn og drifkrafturinn. Þetta eru auðlindir. Við getum kallað þær „auðlindir hins besta í mannlegu fari“ og við eigum að hlúa að þessum auðlindum og virkja þær.
   Þess má geta að fyrstu peningarnir sem ég ráðstafaði sem nýr ráðherra voru til Landsbjargar, sem fékk aukna fjármuni til að sinna slysavörnum ferðamanna. Ég veit að Landsbjörg er ekki aðili að ykkar samtökum en samt af sama meiði, og þar er auðvitað á ferðinni gott dæmi um ómissandi hlutverk frjálsra félagasamtaka.
   Þegar ég kom í ráðuneytið í janúar beið mín listi yfir lagafrumvörp sem hafa verið í vinnslu. Eins og þið vitið er frumvarp um félagasamtök til almannaheilla þar á meðal. Rætur þessa frumvarps má rekja að minnsta kosti aftur til ársins 2010, þegar félagsmálaráðherra fékk skýrslu frá starfshópi um heildarlöggjöf um frjáls félagasamtök. Sjálft frumvarpið sem nú liggur fyrir varð síðan til fyrir um tveimur árum.
   Ríkisstjórnin tók sem kunnugt er við á mjög óvenjulegum tíma, í janúar. Á fyrstu dögunum þurfti að taka afstöðu til þess hvaða lagafrumvörp skyldu fá meðferð á vorþinginu og mín niðurstaða varð sú að önnur mál væru brýnni; ég þyrfti meiri tíma til að vega og meta kosti þessa tiltekna máls. Það átti sinn þátt í þeirri ákvörðun að í umsögnum sem ráðuneytið fékk við frumvarpið, eftir að það var birt á vefnum til kynningar, voru ábendingar sem ástæða var til að skoða nánar.
   Ég hef síðan átt gott samtal við forsvarsmenn Almannaheilla og það er alveg ljóst að frumvarpið hefur ýmsa kosti. Við munum áfram eiga samtal um þetta og við erum fullkomlega sammála um markmiðið, sem er að tryggja sem besta umgjörð um starfsemi félagasamtaka af þessum toga. Hinn gullni meðalvegur felst í því að setja skýran ramma – sem eflir traust – á sama tíma og þess er gætt að leggja ekki óþarfa hindranir í veginn. Rétt er að minna á – og leggja áherslu á – að tvær af helstu ráðleggingum nefndarinnar sem samdi frumvarpið hafa nú þegar orðið að lögum. Alþingi samþykkti fyrir rúmu ári breytingar á skattalögum sem fela það í sér að nú geta fyrirtæki styrkt almannaheillasamtök um allt að 0,75% af heildarveltu sinni og dregið þá fjárhæð frá tekjuskattsstofni. Þetta hlutfall var áður 0,5% og hækkaði því umtalsvert með þessari lagabreytingu, rétt eins og nefndin hafði lagt til. Í öðru lagi var erfðafjárskattur af gjöfum til almannaheillasamtaka felldur niður, sem einnig var tillaga frá nefndinni. Þetta eru mikilvæg framfaraskref sem skipta máli.

Kæru fundarmenn, þriðji geirinn er á ensku stundum kallaður „non governmental organisations“. Það hugtak mun hafa orðið til árið 1945 þegar Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar og stóðu frammi fyrir því að fleiri aðilar gætu átt lögmætt erindi að þeirra borði heldur en eingöngu ríkisstjórnir.
Við eigum ekki beina íslenska þýðingu á hugtakinu „non governmental“. Ein hugmynd, meira í gamni en alvöru, gæti verið AND-RÍKI … en það er að vísu frátekið skilst mér. Sem er ágætt, því almennt fer jú betur á því að skilgreina hluti út frá því hvað þeir ERU heldur en út frá því hvað þeir eru EKKI.
Hér tölum við um þriðja geirann. Og það má einmitt segja að þriðji geirinn gefi samfélaginu þriðju víddina, sem er sambærileg við að byrja að sjá hlutina í þrívídd fremur en bara í tvívídd. Og eins og við vitum er þriðja víddin á DÝPTINA. Það er ykkar framlag; að gefa samfélaginu þá dýpt sem er nauðsynleg. Án þrívíddar göngum við á veggi, rekum okkur á í sífellu, getum varla gripið bolta sem kastað er til okkar. Án þrívíddar sjáum við samfélagið einfaldlega sem áhorfendur, líkt og kvikmynd á tjaldi. Það er þriðja víddin – þriðji geirinn – sem breytir okkur úr áhorfendum og gerir okkur að þátttakendum. Ég ítreka að það er mér kappsmál að styrkja þennan lífsnauðsynlega þráð samfélagsins. Ég hlakka til að eiga samstarf við ykkur um það, og ítreka að lokum þakkir til aðstandenda Almannaheilla og ykkar allra sem eigið aðild að félögunum sem saman mynda þessi samtök.
Takk.“

3. **STAÐFESTING Á NÝJUM AÐILDARFÉLÖGUM**
   Formaður, Ketill Berg Magnússon kynnti og bar upp tillögu um aðild tveggja nýrra félaga; Foreldrahúss – Vímulausrar æsku og Félags lesblindra.
   Samþykkt samhljóða.

4. **SKÝRSLA STJÓRNAR UM NÝLIÐIÐ STARFSÁR OG STARFIÐ FRAMUNDAN**
   Almannaheill, samtök þriðja geirans, voru stofnuð 26. júní 2008 eftir talsvert undirbúningsstarf og hafa því starfað í átta ár. Stofnaðilar voru tólf félög og sjálfseignarstofnanir sem starfa að almannaheill og markmiðið að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum. Fleiri félög hafa bæst í hópinn og fyrir aðalfund samtakanna 24. maí 2017 voru eftirtalin félög og sjálfseignarstofnanir aðilar að Almannaheillum:
   1. *ADHD samtökin*
   2. *Bandalag íslenskra skáta*
   3. *Barnaheill – Save the chidren á Íslandi*
   4. *Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi*
   5. *Blátt áfram*
   6. *Einstök börn*
   7. *Félag Lesblindra á Íslandi*
   8. *Foreldrahús – Vímulaus æska*
   9. *FRÆ Fræðsla og forvarnir*
   10. *Geðhjálp*
   11. *Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs*
   12. *Heimili og skóli - landssamtök foreldra*
   13. *Hjartavernd*
   14. *Hjálparstarf kirkjunnar*
   15. *Krabbameinsfélag Íslands*
   16. *Kvenfélagasamband íslands*
   17. *Kvenréttindafélag íslands*
   18. *Landssamband eldri borgara*
   19. *Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands*
   20. *Landssamtökin Þroskahjálp*
   21. *Neytendasamtökin*
   22. *Norræna félagið*
   23. *Móðurmál - samtök um tvítyngi*
   24. *Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ)*
   25. *Samtök sparifjáreigenda*

26. Skógræktarfélag Íslands
27. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna
28. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
29. Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum
30. Ungmennafélag Íslands
31. Vinir Vatnajökuls
32. Öryrkjabandalag Íslands

Stjórn Almannaheilla 2016-2017

Eftirtaldir skipuðu stjórn og varastjórn Almannaheilla eftir aðalfundinn 26.5.2016:

Aðalstjórn:

1.	Ketill B. Magnússon	Heimili og skóli, formaður
2.	Steinunn Hrafnsdóttir	Fræðasetur þriðja geirans, varaformaður
3.	Jónas Guðmundsson	Neytendasamtökin, gjaldkeri
4.	Þröstur Emilsson	ADHD samtökin, ritari
5.	Haukur Ingibergsson	Landssamband eldri borgara
6.	Jón Pálsson	Ungmennafélags Íslands
7.	Einar Bergm. Arnbjörnsson	Landvernd

Varastjórn:

1.	Ásdís Eva Hannesdóttir	Norræna félagið
2.	Erna Reynisdóttir	Barnaheill
3.	Erna Arngrímsdóttir	Öryrkjabandalagið
4.	Hildur Helga Gísladóttir	Kvenfélagasamband Íslands
5.	Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir	Krabbameinsfélaginu
6.	Þóra Þórarinsdóttir	Umhyggja
7.	Þórarinn Þórhallsson	Blindrafélagið

Ketill Berg Magnússon var kjörinn formaður stjórnarinnar, en samkvæmt lögum samtakanna skipar hún að öðru leyti sjálf með sér verkum. Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund var ákveðið að Steinunn Hrafnsdóttir gegndi störfum varaformanns, Jónas Guðmundsson störfum gjaldkera og Þröstur Emilsson störfum ritara.
Haldið var þeirri venju að boða bæði aðalstjórn og varastjórn á alla stjórnarfundi. Stjórnin hélt ellefu bókaða fundi á árinu.

Verkefnahópar stjórnar

Öll starfsemi Almannaheilla er unnin í sjálfboðavinnu. Til þess að skipuleggja starfið kom stjórnin saman í ágúst á vinnufundi, setti niður verkefnaáherslur og skipti með sér verkum. Ákveðið var að vinna áfram í þremur verkefnahópum þar sem einn hópur einbeitti sér að lagafrumvarpi um almannaheillafélög, annar hópur vann að sýnileika og viðburðum og þriðji hópurinn vann að tillögum um fræðslu fyrir stjórnendur almannaheillasamtaka. Stjórnarfólk vann að einstökum verkefnum og gerð var grein fyrir verkefnastöðunni á stjórnarfundum. Auk þess var í desember mótaður hópur um framtíð Fundar fólksins.

Fjölgun aðildarfélaga

Tvö ný félög sóttu um aðild að Almannaheillum á árinu. Inntökunefnd fór yfir umsóknir þeirra og kannaði hvort þau stæðust þær kröfur sem getið er um í samþykktum almannaheilla. Þetta eru félögin Foreldrahús / Vímulaus æska annars og Félag lesblindra á íslandi. Voru umsóknir þeirra samþykktar.

Kynningarstarf Almannaheilla

Unnið var að kynningu á starfi Almannaheilla – samtaka þriðja geirans á árinu. Haldið er úti vefsíðu samtakanna, Facebook-síða samtakana er virk og hefur 501 fylgjendur og sent er út rafrænt fréttabréf um starfsemina á póstlista sem telur 261 manns. Þá var gefinn út bæklingur um erfðagjafir í samvinnu við nokkur félagasamtök.

Frumvarp til laga um félagasamtök til almannaheilla

Fyrrverandi viðskiptaráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, mælti á haustþinginu 2016 fyrir stjórnarfrumvarpi um almannaheillasamtök sem unnið hafði verið af nefnd á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins undir forystu Rögnu Árnadóttur, fyrrverandi formanns Almannaheilla. Frumvarpið var komið í meðferð nefndar þegar þingi var slitið í haust og varð því ekki að lögum.

Stjórn Almannaheilla upplýsti nýja þingmenn um frumvarpið eftir kosningar auk þess sem formaður og gjaldkeri kynntu málið fyrir nýjum ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur í apríl og hvöttu hana til að leggja frumvarpið fram að nýju. Ráðherra tók vel í erindið og sagðist myndu skoða það vandlega áður en hún ákveddi hvort hún myndi setja frumvarpið á dagskrá í haust.

Þetta málefni hefur verið eitt helsta baráttumál Almannaheilla frá upphafi og Almannaheill mun fylgja málinu áfram eftir af fullum þunga. Slík löggjöf skiptir þriðja geirann allan afar miklu máli þegar til framtíðar er litið. Lagaleg umgjörð félagasamtaka til almannaheilla hér á landi er vanþróuð í samanburði við helstu viðmiðunarlönd okkar.

Fundur fólksins

Fundur fólksins var haldinn í annað skipti við Norræna húsið 2.-3. september 2016. Var hann veglegri og betur sóttur en sá fyrri. Velferðaráðuneytið styrkti verkefnið um kr. 4 m.kr. og Reykjavíkurborg um 2 m.kr. Ráðinn var verkefnastjóri til að sjá um framkvæmdina og sátu formaður og gjaldkeri Almannaheilla í stýrihópi verkefnisins ásamt forstöðumanni Norræna hússins. Könnun meðal þátttakenda sýndi að mikil ánægja var með fundinn.

Almannaheill tóku þátt í nokkrum málþingum á Fundinum. Í aðdraganda Fundarins buðu samtökin til landsins breskum forystumanni í málefnum þriðja geirans, Sir. Stuart Etherington, til að halda fyrirlestur í Norræna húsinu.

Ákveðið hefur verið að næsti fundur fólksins fari fram á Akureyri 8.-9. september 2017. Það eru Menningarfélag Akureyrar ásamt Akureyrarstofu sem sjá um framkvæmd fundarins að þessu sinni og leggur velferðaráðuneytið til 4 m.kr til verkefnisins og Akureyrarbær 2 m.kr. auk aðstöðu og vinnuframlags af hendi Menningarfélagsins.

Fræðsla fyrir stjórnendur þriðja geirans

Almannaheill mótaði síðastliðinn vetur hugmynd að fræðsludagskrá fyrir stjórnendur þriðja geirans. Endurmenntun Háskóla Íslands og Opna Háskólanum í Reykjavík var boðið að leggja fram tillögur um framkvæmd slíks fræðsluverkefnis. Úr varð að gengið var til samninga við Opna háskólann, sem mun haustið 2017 bjóða stjórnendum þriðja geirans að sækja fræðsludagskrá í sjö hlutum, alls 56 klst. Um hagnýta þætti stjórnunar í félagagasamtökum. Það er von stjórnar Almannaheilla að fræðsludagskráin skili miklu virði fyrir almannaheillasamtök í landinu, stuðli að aukinni fagmennsku og styðji félagssamtök í að takast á við áskoranir sem félögin standa frammi fyrir.

Málþing um almannaheillasamtök og velferð

Almannaheill stóð fyrir málþingi á Fundi fólksins, föstudaginn 2. september í aðalsal Norræna hússins undir yfirskriftinni „Þriðja leiðin að velferð“. Framsögufólk var Eygló Harðardóttir, velferðaráðherra, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og Ragnheiður Ríkarðsdóttir, velferðanefnd alþingis. Fundurinn var vel sóttur og var honum streymt á netinu.

Félagsfundur í janúar

Almannaheill boðaði til fundar meðal aðildarfélaga þann 18. Janúar 2017 þar sem markmiðið var að kynna starfsemina og heyra hvaða væntingar aðildarfélögin hafa af starfseminni. Fundurinn var vel sóttur og fékk stjórnin staðfestingu á að áherslurnar í starfinu eru í takt við væntingar félaganna. Stefnt er að því að halda slíka félagsfundi reglulega.

Morgunfundur um almannaheillasamtök og krísur heimsins

Almannaheill boðaði til málþings þann 27. apríl 2017 þar sem Jon Van Til, fyrrum forseti ARNOVA, alþjóðasamtaka sérfræðinga um málefni þriðja geirans, og ritstjóri Nonprofit and Voluntary Sector Quarterly flutti erindi um getu almannaheillasamtaka til að takast á við helstu krísur samtímans. Velferðaráðherra, Þorsteinn Víglundsson ávarpaði fundinn og lýsti yfir ánægju sinni með samstarfið við Almannaheill.

Að loknum morgunfundinum voru haldnar hringborðsumræður með aðildarfélögum þar sem Jon Van Til miðlaði af reynslu sinni og félagsmenn ræddu um helstu áskoranir sem þau standa frammi fyrir. Fundurinn var afar gagnlegur og formið mæltist vel fyrir.

Staða Almannaheilla

Síðasta ár var viðburðaríkt í starfi Almannaheilla. Uppúr standa stór verkefni eins og Fundur fólksins og baráttan um að koma frumvarpinu um almannaheillafélög í gegn. Það urðu vonbrigði að svo tókst ekki í þessa skipti, eftir að það var komið svo langt í meðför þingsins.

Mjög mikilvægt skref var stigið með samningi við Opna Háskólann um fræðslu fyrir stjórnendur. Við það bindum við miklar vonir.

Eins var mikilvægt skref stigið með samningi við Menningarfélag Akureyrar um framkvæmdina á Fundi fólksins í ár. Það mun vonandi styrkja stoðir þessarar lýðræðishátíðar enn frekar.

Í vetur hefur rekstrarform þjónustu í ýmsum geirum, svo sem heilbrigðis-, mennta- og velferðageiranum verið enn og aftur til umærðu á þingi og í samfélaginu. Birtingarmynd þessarar umræðu er gjarnan rökræðan um einkavæðingu, þ.e. að valkostirnir séu annað hvort ríkisrekstur eða rekstur í höndum fyrirtækja sem ætlað er að skila eigendum sínum hagnaði. Þessi umræða er oft sérkennileg því þar gleymist þáttur rótgróinna og traustra íslenskra félagasamtaka og sjálfseignastofnanna sem ekki starfa í hagnaðarskyni og sinna nauðsynlegri þjónustu á sviði heilbrigðis, félagsmála eða öryggis. Þannig er stundum eins og þáttur þriðja geirans í þessum þjónustugreinum gleymist.

Okkar sýn er að Almannaheill verði enn virkari vettvangur fyrir almannaheillafélög til að sinna sameiginlegum hagsmunamálum sínum. Sá almenni lagarammi um félagasamtök til almannaheilla sem nú liggur á borði Alþingis er í raun sáttmáli um starfsemi almannaheillasamtaka þar sem lagðar eru fram megin línur um hvaða eðlilegu skyldur og réttindi þurfa að gilda um slík félagasamtök. Er þar bæði átt við að lýðræðislegir starfhættir séu viðhafðir en einnig að faglega og á vandaðan hátt sé haldið utan um fjármál og önnur gæði sem samtökunum eru fengin.

Enn eitt árið verður það skýrara að Almannaheill – samtök þriðja geirans munu ekki geta náð markmiðum sínum nema að til komi aukið fjármagn í reksturinn. Allt starf Almannaheilla er borið uppi af sjálfboðaliðum í dag. Það er einfaldlega til of mikils ætlast af sjálfboðaliðum. Samtökin þurfa að hafa fastan starfsmann í hluta eða fullu starfi til að fylgja eftir málum og stuðla enn frekar að faglegu starfi almannaheillasamtaka í landinu.

Reykjavík, 24. maí 2017

Ketill Berg Magnússon, formaður Almannaheilla

5. **SKÝRSLA UM FJÁRHAG SAMTAKANNA OG FJÁRHAGSÁÆTLUN**
Jónas Guðmundsson, gjaldkeri Almannaheilla gerði grein fyrir reikningum Félagsins. Gjadkeri sagði einnmeginmun á reikningum ársins 2015 og 2016, það væri Fundur fólksins. Velta Fundar fólksins var 7,7 M.kr. sem breytti miklu. Almannaheill hefðu tekið að sér umsjón Fundar fólksins, lyft fundinum á hærra plan og tekið ábyrgð á fjármunum sem fundinum tengdust. Tekjur Almannaheilla árið 2016 námu 9,5 M.kr. Þ.a. námu tekjur vegna Fundar fólksins 7,7 M.kr. Gjöld ársins 2016 námu 8,6 M.kr. Þ.a. voru gjöld vegna Fundar fólksins 8,4 M. kr. Almannaheill lögðu rúmar 700.000 krónur til fundarins, auk mikillar sjálfboðinnar vinnu.
Aðildargjöld voru stærsti reglulegi tekjuliður Almannaheilla en heimasíða samtakanna stærsti útgjaldaliðurinn. Eigið fé jókst um fjórðung og nemur nú rúmum 4 milljónum króna. Afkoma Almannaheilla árið 2016 var jákvæð um tæpar 900 þúsund krónur.

6. **UMRÆÐUR UM SKÝRSLU OG AFGREIÐSLA ÁRSREIKNINGS**
Engar athugasemdir né fyrirspurnir – reikningar og skýrsla samþykkt einróma.

7. **KOSNING STJÓRNAR OG SKOÐUNARMANNA**
Uppstillingarnefnd skipuðu Ragnheiður Haraldsdóttir,formaður, Jón Pálsson og Ólafur Proppé en sá síðastnefndi kynnti tillögur nefndarinnar. Hann sagði áherslu m.a. hafa verið lagða á að gæta jafnréttis milli kynja í stjórn Almannaheilla.

Nefndin skilaði eftirfarandi tillögum um stjórn Almannaheilla starfsárið 2017-2018:
a) Ketill B. Magnússon (Heimili og skóli) kjörinn sérstaklega til eins árs
b) Jónas Guðmundsson (Neytendasamtökin) kjörinn til tveggja ára 2016
c) Guðlaug B. Guðjónsdóttir (Krabbameinsfélag Íslands) til eins árs í stað Jóns Pálssonar
d) Ragnheiður Sigurðardóttir (UMFÍ) til eins árs í stað Einars Bergmundar Arnbjörnssonar
e) Steinunn Hrafnsdóttir (Fræðasetur þriðja geirans) til tveggja ára
f) Þóra Þórarinsdóttir (Þroskahjálp) til tveggja ára
g) Þröstur Emilsson (ADHD samtökin) til tveggja ára

Nefndin skilaði eftirfarandi tillögum um varastjórn til eins árs:
a) Árni Einarsson (FRÆ)
b) Ásdís Eva Hannesdóttir (Norræna félagið)
c) Bolli Héðinsson (Samtökum sparifjáreigenda)
d) Erna Arngrímsdóttir (ÖBÍ)
e) Erna Reynisdóttir (Barnaheill)
f) Guðrún Helga Bjarnadóttir (Blátt áfram)
g) Hildur Helga Gísladóttir (Kvenfélagasamband Íslands)

Nefndin skilaði eftirfarandi tillögum um skoðunarmenn reikninga til eins árs:
a) Einar Haraldsson (UMFÍ)
b) Jónas Þórir Þórisson (Hjálparstarf kirkjunnar)

Fundarstjóri bar tillögurnar sem voru samþykktar einróma og án mótframboða.

8. **ÁKVÖRÐUN GJALDSKYLDU AÐILDARFÉLAGA**
Jónas Guðmundsson, gjaldkeri gerir grein fyrir tillögu stjórnar um hækkun Aðildargjalda. Gjöldin taka mið af veltu aðildarfélaganna. Þau hafa ekki breyst í þrjú ár og miðast tillaga stjórnar við aðhækkun taki gildi árið 2018.

a) Flokkur 1 hækki úr kr. 120.000,- í kr. 125.000,-
b) Flokkur 2 hækki úr kr. 60.000,- í kr. 63.000,-
c) Flokkur 3 hækki úr kr. 25.000,- í kr. 26.000,-

Samþykkt samhljóða.

9. **LAGABREYTINGAR**
Engar tillögur til breytinga á lögum Almannaheilla lágu fyrir.

10. ÖNNUR MÁL

Ketill Berg Magnússon þakkaði fyrir traust sem honum væri sýnt með endurkjöri í embætti formanns Almannaheilla. Þá færði hann UMFÍ þakkir fyrir að hýsa stjórnarfundi Almannaheilla og Krabbameinsfélagi Íslands var þakkað fyrir að hýsa aðalfund samtkanna en það hefur félagið gert undanfarin ár.

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins lýsti ánægju með að fá að hýsa aðalfund Almannaheilla. Hann beindi því til nýkjörinnar stjórnar samtakanna að efna til faglegrar umræðu um fjáraflanir almannaheillasamtaka. Kristján sagði að lög og reglur sem um fjáraflanir slíkra samtaka giltu, væru um margt óljós. Þá taldi Kristján brýnt að leiðrétta þann „kjánalega“ misskilning að fjáraflanir kosti ekki neitt. Hann vísaði í fyrirkomulag í Noregi og Svíþjóð, þar sem ákveðið innra eftirlit fylgist með fjáröflunum almannaheillasamtaka og gætir að birtingu upplýsinga sem þeim tengjast.

Einar Haraldsson, UMFÍ sagðist stoltur af því að UMFÍ hefði verið eitt stofnfélaga Almannaheilla. Hann benti á að hafa þyrfti í huga íþróttafélög þegar fjallað væri um lagasetningu vegna almannaheillasamtaka. Hann sagðist óttast að slík félög gleymdust við meðferð málsins. Einar taldi að til þyrfti að koma umbun til samtaka sem vinna að almannaheill, t.d. í formi endurgreiðslu tryggingagjalds eða undanþágu frá greiðsu virðisaukaskatts.

Ólafur Proppé benti á að þrenn stór samtök stæðu enn utan Almannaheilla; Landsbjörg, ÍSÍ og RKÍ. Allt væru þetta stór og öflug samtök sem enn hefðu ekki séð hag sinn í að ganga til liðs við Almannaheill. Það væri verðugt verkefni stjórnar að vinna að því.

Ketill Berg Magnússon sagði ekki útséð með að ÍSÍ gengi til liðs við Almannaheill. Þegar væri nokkur samgangur og samstarf, m.a. um fræðslumál. Ketill þakkaði gagnlegar ábendingar um faglega umræðu um fjáraflanir og skattaívilnannir eða umbun sem fram hefðu komið. Ketill sagði meginmarkmiðið að bæta rekstrarumhverfi almannaheillasamtaka, það þyrfti að vera hagfellt. Ketill sagðist ekki fyllilega sammála ráðherra ferðamála, nýsköpunar og iðnaðar þess efnis að tvö veigamikil atriði sem fram koma í frumvarpi til laga um almannaheillasamtök hefðu þegar verið uppfyllt. Veigamikil skref hefðu þó verið stigin, annars vegar með breytingum á skattalögum sem fólu í sér að nú geta fyrirtæki styrkt almannaheillasamtök um allt að 0,75% af heildarveltu sinni og dregið þá fjárhæð frá tekjuskattsstofni. Þetta hlutfall var áður 0,5%. Hins vegar hafi erfðafjárskattur af gjöfum til almannaheillasamtaka verið felldur niður. Þetta væru skref í rétta átt.

Jónas Guðmundsson bar fundinum kveðju frá Jon Van Til sem var fyrirlesari á morgunfundi Almannaheilla um almannaheillasamtök og krísur heimsins í apríl sl. Jon Van Til skoraði á aðalfudninn að efla þriðja geirann og bauð til samstarfs í þeim efnum. Jon Van Til hefur sent Almannaheillum minnisblað í kjölfar morgunfundarins í apríl sl. sem nýtast mun í þá veru að efla þriðja geirann.

Þóra Þórarinsdóttir fundarstjóri þakkaði fyrir sig.

Ketill Berg Magnússon formaður þakkaði fundarmönnum komuna og þeim sem gengu nú úr stjórn störf þeirra fyrir samtökin. Jafnframt bauð hann nýja aðila í stjórn velkomna. Formaður sleit fundi klukkan 17:15

Alls mættu 23 til fundarins.
Nafnalisti gekk meðal fundarmanna.

/Þröstur Emilsson